

231. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	16.5.2013	Fundartími:	17.00 – 18.30
Fundarstaður:	Höfðabakki 9, Efla	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Grétar Leifsson (GL), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (SG), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Benedikt Jónsson (BJ), Snæbjörn R. Rafnsson (SRR) og Sigurður Sigurðarsson (SS)		
Forföll:	Kristján Kristjánsson (KK)		

1. Stjórnarfundur nr. 231 settur af formanninum, Grétari Leifssyni.
2. GL fór yfir það helsta úr fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við þá fundargerð.
3. Tekin var mynd af stjórninni. Inn á myndina vantaði Kristján Kristjánsson frá lðunni.
4. Námskeiðahald fyrir „notendur lagnakerfa“. KO spurði fundarmenn hvort þeir tefldu þörf á svona námskeiði. Fundarmenn voru sammála um að það væri ekki spurning – það væri mikil þörf. KOS benti á að KO væri búinn að vinna mikinn grunn að svona námskeiði með gögnunum sem unnin voru fyrir námskeið handa eldri borgurum síðasta vetur. SRR benti á að setja mætti þessi gögn inn á heimasíðu LAFÍ til að vekja frekar athygli á því að svona námskeið gæti staðið til boða ef áhugi er fyrir því. KO kom með þá hugmynd að auglýsa LAFÍ og hugsanlegt námskeiðahald á Útvarpi Sögu. KO lagði til að hann og SRR myndu kanna með að fara í viðtal á Sögu.
5. Farið yfir skipan í fagráðin. Fagráð loftræsikerfa og pípulagnakerfa eru fullmönnuð. Þó þarf að helst að bæta við einum hönnuði hjá fagráði pípulagnakerfa. SS segir hafa vantað áhuga hjá þessum geira að taka þátt í þessu starfi, hugsanlega sé ástæðan að það vantar skýrari ramma um starfið og umræðuefni. Halda þarf áfram að leita að nýjum mönnum og stjórn LAFÍ þarf að kanna hvort það séu einhver mál sem það vill vísa til fagráðsins. Þá spannst umræða um hvort það væri grundvöllur á að stofna nýtt þverfaglegt fagráð, og þá einkum í tengslum við námskeiðahald og menntunarmál.
6. Verkefnið „Lokafrágangur lagnakerfa“. KO kynnti undirbúning að ráðstefnu í haust. Fyrir liggur að þriggja manna nefnd, skipuð KO, BJ og KOS, ætlar að fjalla um málið. Töluverðar umræður spunnust um málefnið. Nálgast má viðfangsefnið út frá mörgum hliðum; Hönnunargögn - Eftirlit – Úttektir - Prófanir og stillingar kerfa – Handbækur osfrv.

KOS ræddi um að með tilkomu nýrrar Byggingarreglugerðar væri komið nýtt þrep í úttektum – Öryggisúttekt. Hann telur að eins og hún er sett fram í dag sé hún aðför að þessu helsta keppikefli Lagnafélagsins – að bæta lokafrágang lagnakerfa. Með henni er verið að segja að hægt sé að taka í notkun byggingar þrátt fyrir að kerfi sé langt frá því að vera fullbúin. Síðan geta liðið upp undir 3 ár þangað til að lokaúttekt er framkvæmd og allt á að vera tilbúið. Þetta leiðir af sér að byggingarnar eru teknar í gagnið með ófrágengnum kerfum sem ekki virka eins og skyldi.

Með þessu skapast óánægja meðal notenda bygginganna sem oft getur reynst erfitt að laga. Þessi óánægja beinist að þessum kerfum með tilheyrandi óorði fyrir geirann okkar. KOS fékk undirtektir með þetta á fundinum. Það er klárt að þessi öryggisúttekt gagnast ákveðnum öflum í samfélaginu, öflum sem oft á tíðum stýra peningaflæðinu og því getur reynst erfitt að breyta þessu. BJ bendir á að það hafi verið skiptar skoðanir um þessa úttekt fram að þessu.

SS bendir á að það sé oft ábótavant um lýsingar á stjórnkerfum og virkni stjórnbúnaðar almennt í útboðslýsingum á markaðinum í dag. BJ sýndi mönnum grein 4.5.1 í Byggingarreglugerð sem á að taka á þessu. Í greininni kemur fram hverju hönnuður á að skila; „*Þar sem þörf er á stillingum og prófun búnaðar skal því lýst í hönnunargögnum. Dæmi þar um er t.d. hita- og loftræsikerfi þar sem tilgreina skal nauðsynlegar stillingar, tilgreina gildi og lýsa nauðsynlegum prófunum búnaðar svo og prófun á samvirkni tækja*“. Fram kom hjá fundarmönnum að víða sé þessu ábótavant að þessu sé framfylgt.

KO ræddi um vandamálið að hver ætti að ábyrgjast virkni kerfanna. BJ tekur undir þetta, og að Byggingarreglugerðin nær ekki að afgreiða þetta nógu vel. Fjallað verður um þetta málefni áfram.

7. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Ekki rædd.
8. Fréttabréf 119 er á lokastigi.
9. Auglýst er eftir greinum í Fréttabréfið, á heimasíðuna og á vegg fésbókarsíðu félagsins.
10. Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.

Ritari
Kristján Oddur Sæbjörnsson